



**Ávarp
forseta Íslands
Höllu Tómasdóttur
í hátíðarkvöldverði
Karls 16. Gústafs Svíakonungs
og Silvíu drottningar**

6. maí 2025

Yðar hátignir,
Karl Gústaf konungur og Silvía drottning,
heiðruðu gestir.

[Á sænsku:] Við hjónin þökkum yður fyrir höfðinglegt boð til Svíþjóðar og fyrir þá vináttu og samkennd sem ríkir milli þjóða okkar. Það er heiður að fá að sitja til borðs með yður og gestum yðar í kvöld.

Ég vil nú, með leyfi yðar, halda áfram ræðu minni á íslensku.

Ég vil byrja á að minnst Frans páfa en ég var ásamt ykkur konungshjónum og fleiri þjóðarleiðtogum viðstödd útför hans í Páfagarði fyrir rúmri viku. Við syrgjum þennan einstaka mann, sem var málsvari mennsku og samlíðunar, nýtti umboð sitt til að beina sjónum að mikilvægum málefnum, tók stöðu með Móður Jörð, friði og þeim sem minnst mega sín. Um leið minnumst við þess að sorgin er tjáning kærleikans.

eins og úr ösku svarðar,
í eldsins spor,
fagurgrænasta grasið
grær um vor.

Svona hljóða síðustu línur ljóðsins „Úr okkar sárasta sviða“, sem ort var af Ebbu Lindquist, einu af ykkar merkustu skáldum, í þýðingu Magnúsar Ásgeirssonar. Að geta átt samtál um sinn dýpsta harm, að geta tjáð tilfinningar sínar, ótta og þrár, er einn dýrmætasti eiginleiki sérhverrar mannveru. Hið sama gildir um þjóðir. Það er þakkarvert að fagra tjáningu á sárum sviða og bjartri von sé unnt að þýða á milli tungumála okkar án þess að hún glati töfrum sínum.

Við Íslendingar og Svíar lifum nefnilega að nokkru leyti í sama sagnaheimi. Sögur sænskra höfunda hafa snert okkur Íslendinga djúpt í gegnum tíðina og gera enn. Hvort sem um er að ræða Ebbu Lindquist, Selmu Lagerlöf eða Astrid Lindgren, svo fáein nöfn séu nefnd, erum við stolt af skáldum frændþjóðar okkar og framlagi þeirra til heimsmenningarinnar. Þið hafið einnig átt þátt í að koma sögum okkar Íslendinga á framfæri um heim allan. Mesti heiður sem hlotnast hefur íslenskum rithöfundi á síðari öldum var þegar Halldór Laxness fékk Nóbelsverðlaunin hér í Stokkhólmi árið 1955 fyrir að hafa „endurnýjað íslenska sagnalist“ með skáldverkum sínum. Verðlaunin voru mikilvæg fyrir mótun sjálfsmyndar okkar unga lýðveldis á síðustu öld. Með viðurkenningu sænsku akademíunnar var því Laxness ekki aðeins lyft upp sem höfundi, heldur stutt við sjálfsmynd og sjálfstraust þjóðar sem var að taka sín fyrstu skref á hinum alþjóðlega vettvangi. Fyrir það erum við þakklát.

Það er margt annað sem vekur upp þakklæti þegar hugurinn hvarflar til alls þess sem Íslendingar hafa notið í Svíþjóð, ekki hvað síst á sviði menntunar. Þá koma læknanemar fyrst upp í hugann. Það er varla til sú heilbrigðisstofnun á Íslandi sem ekki nýtur starfa læknis sem sótt hefur sérmenntun til Svíþjóðar. Mörg þeirra hafa búið um áratuga skeið með fjölskyldum sínum hér í landi að loknu námi, þau hafa tileinkað sér ýmsa góða eiginleika ykkar Svía, svo sem samtakamátt og skipulagshæfni, og að endingu flutt þá með sér heim.

Í framhaldi af þeim orðum vil ég einnig nýta þetta tækifæri og þakka ykkur Svíum fyrir Lars Lagerbäck, knattspyrnuþjálfarann knáa, sem lyfti sjálfstrausti þjóðar okkar upp í hæstu hæðir með afrekum sínum með íslenska karlalandsliðinu. Það sem Lars tókst var að skapa liðsheild sem vann skipulega, af þolinmæði og á grunni góðra gilda. Það skilaði sér og við uppskárum ríkulega.

Norðurlönd og þau gildi sem þau hafa löngum byggt á eru þekkt um allan heim og er það ekki síst samtakamátturinn og samábyrgðin sem hafa þótt til fyrirmyndar. Við Íslendingar byggðum upp okkar samfélag í kjölfar stofnunar Lýðveldis árið 1944 á gildum sem gjarnan eru kennd við norræna velferð. Við trúum á þjóðarheimilið, að samfélag eigi að taka öllum opnum örmum, að þar eigi að ríkja jafnrétti og traust milli borgaranna innbyrðis og milli þeirra og ríkisvaldsins. Eitt grundvallarstefið er umhyggja fyrir þeim sem standa höllum fæti en markmiðið er að sérhver einstaklingur öðlist styrk til að lifa mannsæmandi lífi og rækta hæfileika sína, óháð efnahag, stétt, kyni og stöðu.

Þessi gildi skila kannski ekki skjótfengnum gróða en þau leggja grunn að dýpri og almennari ávinningi til lengri tíma. Við mælingar á velsæld ríkja skora Norðurlandþjóðirnar hátt. Oft er spurt hvernig íbúar hinna norrænu háskattalanda geti jafnframt skilað hagvexti. Svárið er að fólki líður vel þar sem jafnrétti er haft í hávegum, umhverfismál eru tekin föstum tókum og áhersla er lögð á gagnsæi og traust. Allt er þetta undirstaða orðspors sem byggt hefur verið upp af þolinmæði og mikilvægt er að hlúa að nú sem aldrei fyrr. Í heimi þar sem áberandi ráðamenn þjóða keppast við að hnykla vöðva sína, beita hótunum og þvingunum, hefur fordæmisgildi hins mjúka valds Norðurlanda aldrei verið meira.

Ég vil af því tilefni, kæru gestir, fá að bregða upp mynd í huga ykkar. Eins og við vitum þá er svanurinn tákn norrænnar samvinnu og prýðir hann merki Norðurlandaráðs. Þá eru jafnframt til útfærslur þar sem teiknaðir hafa verið upp svanir sem fljúga saman í oddaflugi, til að tákna þessa samvinnu. Þessir svanir þurfa ekki allir að vera eins eða jafnstórir en þeir skiptast á um að fljúga fremst og kljúfa loftið. Hvers vegna fljúga svanir oddaflug? Hið augljósa svar er að þeir spara með því orku en njóta um leið öryggis af hópnum. Þeir skiptast á að leiða hópinn og bera þannig ábyrgð á velferð hinna.

Saga norrænnar samvinnu undanfarna áratugi er samtvinnuð baráttunni fyrir friði og trú á gildi hins mjúka valds; að deila ábyrgð og miðla þekkingu af mildi, með sögum og samvinnu. Nú er öll norræna fjölskyldan sameinuð í Atlantshafsbandalaginu og norrænt samstarf hefur opnað á nýja vídd í öryggis- og varnarmálum. Þar skulum við, sem annars staðar, standa vörð um okkar dýrmætu gildi og hafa kærleikann í fyrirrúmi.

Við segjum „Kære nordiske venner“ þegar við ávörpum norræna hópa. Töfraorðið „kære“ er trompið okkar. Það er kannski öðru fremur kærleikurinn sem gerir samstarf okkar dýrmætt. Enginn efast um að kærleikurinn er alla daga notalegur en skyldi nú vera runnin upp sú stund að hann er jafnframt lífsnauðsynlegur?

Kæru sænsku vinir. Höldum áfram oddaflugi okkar, látum gott af okkur leiða. Við vitum hvaða leið við viljum fara.

Ég leyfi mér að vitna í hinn nýlátna páfa: „Hægt er að koma orðum að hinni eftirsóttu hamingju með fleiri en einum hætti, en hana er aðeins hægt að öðlast ef við erum fær um að sýna kærleika. Þetta snýst alltaf um kærleika, það er engin önnur leið.“

[Á sænsku:] Ég þakka konungshjónum aftur fyrir þetta glæsilega boð og bið gesti að rísa á fætur og lyfta glösum til heiðurs konungi og drottningu.